

Mál 930. - Lagareldi
Sent til Atvinnuveganefndar um samráðsgátt Alþingis



Reykjavík, 8. maí 2024

Athugasemdir Íslenska náttúruverndarsjóðsins - The Icelandic Wildlife Fund (IWF) við mál 930. - Lagareldi

Ég þakka fyrir góðan fund með nefndinni þann 2. maí og er tilbúinn að koma aftur á fund hennar til að ræða þau atriði sem hér koma fram, ef eitthvert þeirra þarfnast nánari skýringa.

Í umsögn Íslenska náttúruverndarsjóðsins til atvinnuveganefndar vorið 2019 var lagt til að útgáfa leyfa fyrir laxeldi í opnum sjókvíum yrði stöðvuð og áhrif iðnaðarins á íslenska náttúru yrðu rannsökuð með tilhlýðilegum hætti.

Bent var á að stöðvun útgáfa leyfa myndi skapa tækifæri til að ná sátt um þá umgjörð sem nauðsynleg er að smíða um fiskeldi við Íslandi. Varað var við að það frumvarp, sem þá var til meðferðar í atvinnuveganefnd, gengi í berhögg við markmiðið um að ná sátt, ef það yrði óbreytt að lögum, og yrði þess í stað olía á eld átaka og myndi ógna lífríki og umhverfi landsins vegna skorts á skilyrðum til verndar náttúrunni.

Því miður rættist það sem varað var við. Lífríki Íslands hefur skaðast og sjókvíaeldi sætt verðskuldað vaxandi gagnrýni vegna umhverfisáhrifanna og meðferðarinnar á eldisdýrunum. Skoðanakannanir hafa ítrekað sýnt að mikill meirihluti aðspurðra er neikvæður í garð sjókvíaeldis á laxi í opnum sjókvíum. Í nýjustu könnuninni, sem Maskína gerði í nóvember, sögðust 69 prósent svarenda vera andvíg sjókvíaeldi við Ísland og aðeins 10 prósent hlynt.

Rétt einsog vorið 2019 vörum við að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar verði að lögum. Í það skortir lágmarksviðurlög til að koma í veg fyrir skaðann sem sjókvíaeldi á laxi veldur umhverfi og lífríki Íslands.

Tryggja þarf að allir villtir laxastofnar njóti verndar fyrir mögulegri erfðablöndun við eldislax. Frumvarpið nær aðeins til villtra „nytjastofna“ og er þannig tilraun til að vernda tiltekin hlunnindi. Laxastofna sem eiga óðul sín í öðrum ám en um hafa verið stofnuð veiðifélög njóta ekki verndar.

Við leggjum til að frumvarpið verði ekki afgreitt á þessu þingi. Við vonum að hlustað verði á varnarorð nú og þessi löggjöf verði unnin af þeirri vandvirkni sem íslensk náttúra og lífríki, dýrmætasti lífeyrissjóður þjóðarinnar, á skilið.

Varanlegar skerðingar á framleiðsluheimildum

Á meðan sjókvíaeldi í opnum netapokum er enn leyft við strendur Íslands þarf að skapa umgjörð um starfsemina sem lágmarkar umhverfisáhrif hennar og bætir úr óásættanlegri meðferð á eldisdýrunum.

Íslenski náttúruverndarsjóðurinn leggur til að það varði án undantekninga afturköllun rekstrarheimilda ef eftirtaldir mælikvarðar eru brotnir:

- Ef fyrirtæki verða uppvís af því að missa frá sér eldislax í sjó eða vatnsföll.

- Ef laxalús eða fiskilús ógnar velferð eldisdýranna með þeim hætti að grípa þurfi til eitrona, lyfjafóðurs eða böðunar eldislaxanna upp úr heitu ferskvatni í brunnbátum. Þekkt er að slík böðun veldur fiskunum gríðarlegri streitu og dregur stóran hluta þeirra til dauða. Útbreiðsla lúsar sem krefst einhverra af nefndum viðbrögðum sjókvíaeldisfyrirtækjanna þýðir að þetta sníkjudýr berst jafnframt í gríðarmiklu mæli úr kvíunum og skaðar þannig villta stofna laxfiska, lax, sjóbirting og sjóbleikju.
- Ef upp koma blóðþorri eða aðrir alvarlegir smitsjúkdómar sem geta borist í villta stofna laxfiska.
- Ef afföll eldisdýranna verða meiri 10 prósent af hverri kynslóð. Lög og reglur um sjókvíaeldi má ekki sníða að hagsmunum framleiðanda heldur á velferð eldisdýranna að vera í fyrirrúmi.

Mikilvægt er að taka upp þessi viðmið strax, án aðlögunartíma við gildistöku nýrra laga. Ekki er við það búið að fyrirtækin fái að halda áfram starfsháttum þar sem stórt hlutfall eldislaxa drepst vegna slæms aðbúnaðar, missa fisk sem skaðar villta laxastofna, menga firði eða dæla út í umhverfið sníkjudýrum og sjúkdómum.

Fyrirtækin hafa í hendi sér að fækka til muna fiski í einstaka sjókvíum og í heild innan fjarða og hvíla eldisvæði lengur en nú er gert. Slík vinnubrögð myndu strax lækka óásættanlegan dauða í sjókvíunum, minnka mengun, minnka magn laxalúsar og draga úr líkum á útbreiðslu sjúkdóma.

Ef fyrirtæki vilja ala lax í sjó skal einungis heimila þá starfsemi ef:

- Framleiðendur geta tryggt að úrgangur frá starfseminni verði ekki látinn renna óhreinsaður beint í hafið. Nú streymir skítur, plast, koparoxíð, fóðurleifar, lyf og eiturefni úr sjókvíum hindrunarlaust í gegnum netmöskvana.
- Að fiskur sleppi ekki ítrekað.
- Að sjúkdómar og sníkjudýr berist ekki í sjó eða vatnsföll.
- Að velferð eldisdýranna verði bætt og notkun hreinsifisks hætt. Viðskiptamódel sjókvíeldisfyrirtækjanna gerir ráð fyrir stórfelldum „afföllum“ eða dauða eldislaxa í sjókvíunum og seiða í landeldisstöðvum. Svokallaður hreinsifiskur, oftast hrognkelsi, sem settur er í kvíarnar til að éta lús af eldislöxunum, drepst allur. Þessi meðferð á dýrum er algjörlega óviðunandi.

Afnema þarf undanþágur

Mikilvægt er í nýrri lagasetningu að skerpa á mengunarmælikvörðum sem gilda um sjókvíaeldi. Núverandi lög um fiskeldi eru á þá leið að þessari starfsemi er tryggð undanþága frá lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999 sem gildir um söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúabyggð og tiltekinni atvinnustarfsemi á landi og í mengunarlögsögunni.

Afnema þarf í nýjum lögum um lagareldi allar undanþágur sjókvíaeldis frá lögum og reglugerðum sem eiga að vernda hafið gegn mengun og athöfnum, sem geta stofnað heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir, raskað lífríki og spillt umhverfi.

Koma í veg fyrir áhrif á náttúrulega nytjastofna

Sjókvíaeldi hefur veruleg áhrif á lífríkið á hafsbotni undir kvíunum og í nágrenni þeirra. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa beint á að þessi starfsemi geti raskað umhverfi þorskseiða og þarf af leiðandi skaðað heilbrigði þorskstofsins, sem er einn mikilvægasti nytjastofn landsins.

Sjókvíeldinu fylgir aukin lífræn mengun, sem getur ein og sér haft neikvæð áhrif á lífríki fjarða, en auk þess hefur mikróplastmengun, notkun eiturefna, skordýraeiturs, koparoxíðs og lyfja skaðleg áhrif á hryggleysingja sem eru mikilvæg fæða þorskseiða.

Ekkert úthafs- eða strandeldi án staðfestingar um skaðleysi

Það er álit IWF að ekki kemur til greina að hefja úthafs- eða strandeldi nema niðurstöður rannsókna sýni afdráttarlaust að umhverfi og lífríki sé ekki hætta búið, eða það trufli aðra atvinnustarfsemi.

Hvorki á að hugleiða útgáfu þróunarleyfa né skipuleggja möguleg hafssvæði án þess að niðurstöður þessara rannsókna liggi fyrir.

Athugasemdir við einstaka greinar

1. grein Markmið

Í 1. grein frumvarpsdraganna koma fram þessi markmið: „Skal leitast við að tryggja vernd vistkerfa, sjávarbotns og vatnshlota sem og líffræðilega fjölbreytni, velferð eldisfiska og gæði framleiðslunnar“.

Sjókvíaeldi á laxi í opnum netapokum uppfyllir ekki þessi markmið né varúðarreglu náttúruverndarlaganna. Sjókvíaeldi í opnum netapokum veldur skaða á umhverfinu og lífríkinu. Skaðinn vex í samræmi við umfang eldisins.

5. grein Burðarpolsmat, vöktun og rannsóknir

Í fjórðu málsgrein 5. greinar er sagt að Matvælastofnun skuli ef burðarpolsmat lækkar gefa rekstrarleyfishöfum á viðkomandi smitvarnarsvæði „hæfilegan frest til aðlögunar“ til að draga úr fjölda fiska til samræmis við lægra burðarpolsmat og að sá frestur skuli ekki „vera lengri en 24 mánuðir“.

Í þessari útgágu hefur 18 mánaða frestur, sem IWF gerði athugasemd við að væri óhæfilega langur þegar drögin voru kynnt í Samráðsgátt, verið lengdur í 24 mánuði.

24 mánaða frestur er alltof langur og allur á kostnað umhverfis og lífríkis. Þessi langi frestur er ígildi fullrar eldislotu. Ef burðarpolsmat er lækkað þýðir að mengunin af völdum eldisins hefur verið vanmetin, til dæmis vegna of lágra fóðurstuðla sem fyrirtækin gáfu upp þegar matið var framkvæmt, eins og dæmi eru um hér við land. Fyrirtækin eiga ekki að geta hagnast á slíkum vinnubrögðum. Sex mánuðir eru riflegur tími fyrir þau að bregðast við.

6. grein Áhættumat erfðablöndunar

Í annarri málsgrein 6. greinar segir:

„Með áhættumatinu er áhætta af erfðablöndun frjórra eldislaxa við villta nytjastofna lax metin með líkani. Markmið þessa er að takmarka spjöll á villtum nytjastofnum.“

IWF ítrekar enn og aftur þá skoðun sína að markmið áhættumats erfðablöndunar á ekki að hvíla á grunni þess að það snúist um að vernda hlunnindi tiltekinna einstaklinga og laxastofna sem þeir nytja heldur eigi áhættumatið að slá vörð um líffræðileg verðmæti allra villtra laxastofna landsins. Við leggjum því til að orðalaginu „villtum nytjastofnum“ verði skipt út fyrir „villtum laxastofnum.“

Það er óásættanlegt að binda í lög heimild laxeldisfyrirtækja að valda spjöllum á villtum laxastofnum Íslands á nokkurn hátt.

Í sjöundu málsgrein 6. greinar segir:

„Ráðherra skal setja nánari ákvæði í reglugerð um [...] hvaða stofnar villtra laxa í hvaða ám teljast til villtra nytjastofna.“

Áætlanir um að ráðherra á hverjum tíma geti með einfaldri reglugerðarbreytingu útsett alla villta laxastofna fyrir spjöllum af völdum sjó- og hafeldis er fráleit og hún þarf að hverfa úr þessum drögum. Það ber að vernda og tryggja sjálfbæra umgengni við allan villtan íslenskan lax.

8. grein

Upprunarakning lax og aðskilnaður í eldi

Í fyrstu málsgrein 8. greinar segir:

„Skylt er að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggist á gagnagrunni um erfðæfni hjá framleiðanda hrogna.“

Þetta ákvæði gengur of skammt. Skylda þarf sjókvíeldisfyrirtækin til að merkja eldislax betur. Til dæmis með uggaklipingu. Þannig hægt að þekkja eldislax sem hefur sloppið út snemma og því erfitt eða ómögulegt að greina frá villtum laxi af ytra útliti.

12. grein

Almennt um smitvarnarsvæði

Í fyrstu málsgrein 12. greinar segir:

„Tilgangur með afmörkun smitvarnarsvæða er að takmarka útbreiðslu sjúkdóma og sníkjudýra milli einstakra hafsvæða.“

Ekki hefur verið útskýrt hvernig á að stýra umferð villtra laxastofna landsins um þessi smitvarnahólf né halda sýktum sleppilöxum úr sjókvíum innan þeirra og koma þannig í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma og sníkjudýra.

Í Noregi var sagt frá því í vikunni (7. maí) að fjórtán þúsund helsjúkir eldislaxar hefðu sloppið úr sjókvíum við Reitholmen og líklegar afleiðingar yrðu að þeir myndu dreifa smitsjúkdómum um lífríkið utan þeirra.

„Við vitum að BKD getur aukið dauðatíðni meðal seiða, þannig að þetta er alvarlegt. Öll tilvik þar sem lax sleppur eru alvarleg, en þetta er sérstaklega alvarlegt með tilliti til þess að hann er smitaður með sjúkdómi sem getur smitað seiði. Við viljum hvorki sjá BKD eða SPDV meðal villtra fiska,“ sagði Are Nylund, prófessor í fiskisjúkdómum við Háskólann í Bergen, í viðtali við fjölmiðla.

Sjá: https://www.mbl.is/200milur/frettir/2024/05/07/strokulaxinn_alvarlega_syktur/

16. grein

Talning upp úr sjókví

Í fyrstu málsgrein sextánda greinar segir:

Rekstrarleyfishafa er skylt að telja allan fisk upp úr sjókví að kröfu Matvælastofnunar sé ríkt tilefni til.“

Þarf að skýra hvað „ríkt tilefni“ þýðir. Lagt er til að þessu verði breytt á eftirfarandi hátt: Rekstrarleyfishafa er skylt að telja allan fisk upp úr sjókví að kröfu Matvælastofnunar sé ríkt tilefni til, þar á meðal þegar net rofna og ástæða er til að telja að fiskur hafi sloppið.

17. grein

Þéttleiki og fjöldi fisks í sjókvíum

Í fyrstu málsgrein sautjándu greinar segir:

„Rekstrarleyfishafa ber að sjá til þess að fjöldi fiska og þéttleiki fisks í sjókvíum sé ávallt í samræmi við ákvæði rekstrarleyfis og annarra reglna.“

Hver eru viðurlög við brotum á þessu ákvæði?

18. grein

Skimun og bólusetning við sjúkdómum

Í fyrstu málsgrein átjándu greinar segir:

Rekstrarleyfishafa er skylt að láta fara fram reglulega skimun fyrir tilkynningarskyldum sjúkdómum hjá fiski í sjókvíum. Rekstrarleyfishafa er óheimilt að taka við fiskum til útsetningar nema niðurstaða

úr skimun fyrir flutning liggi fyrir og að sú niðurstaða staðfesti að fiskar séu ekki smitaðir af tilkynningarskyldum sjúkdómum.“

Hver eru viðurlög við brotum á þessum ákvæðum?

*35. grein
Innra eftirlit*

Í annarri málsgrein 35. greinar segir:

„Ákvörðun um aðgerðir skulu sendar til Matvælastofnunar og skulu þær rökstuddar af þjónustudýralækni rekstrarleyfishafa. Matvælastofnun skal innan þriggja virkra daga taka afstöðu til aðgerða og getur innan þess frests synjað um beitingu fyrirhugaðra aðgerða. Matvælastofnun er heimilt að leita umsagnar fisksjúkdómanefndar og Hafrannsóknastofnunar áður en afstaða er tekin til aðgerða rekstrarleyfishafa.“

Hér vantar sama ákvæði og í næstu málsgrein á undan um skyldu Matvælastofnunar til að birta þessar upplýsingar opinberlega innan tiltekins frests.

*36. grein
Eftirlit og skýrslugjöf*

Í þessari grein þarf að skerpa á aðgengi almennings að því efni sem Matvælastofnun fær aðgang þar á meðal að upptökum úr eftirlitsmyndavélum sjókvíaeldisfyrirtækjanna í sjókvíum og afrit af myndefni sé þess óskað.

*47. grein
Upplýsingar um strok*

Í þriðju málsgrein 47. greinar segir:

„Matvælastofnun skal birta upplýsingar úr skýrslum samkvæmt 1. og 2. mgr. með opinberum hætti.“
Hér vantar ákvæði um að Matvælastofnun skuli birta þessar upplýsingar opinberlega jafnóðum og þær berast. Miklu skiptir að hratt sé brugðist við þegar fiskur sleppur úr sjókvíum og aðgengi almennings að upplýsingum um mögulegt umfang sleppingar mikilvægt.

*48. grein
Þekkt strok.*

Í þeirri útgáfu sem var lögð fram í Samráðsgátt til kynningar var í þessari grein kveðið á um „Lækkun laxahlutar vegna þekkts strokatburðar“

Ákvæði greinarinnar voru veikburða en lýstu þó vissum vilja til þess að láta sjókvíaeldisfyrirtækin sæta ábyrgð gagnvart lífríkinu með því að minnka framleiðsluheimildir þeirra í hvert skipti sem þau láta eldislax sleppa úr sjókvíum. Þau ákvæði eru nú farin alveg út. Þeirra í stað er komið ákvæði um að rekstrarleyfishafar skuli „greiða sekt til ríkissjóðs“.

Skipt hefur verið út veikburða tilraun til að vernda lífríki Íslands og í staðinn er komið ákvæði sem hefur áhrif á rekstrarreikning fyrirtækjanna. Sektin er þar að auki með þaki, þannig að fyrirtækin fá magnafslátt þegar þau láta mikinn fjölda fiska sleppa.

*49. grein
Óþekkt strok*

Í þeirri útgáfu sem var lögð fram í Samráðsgátt til kynningar var í þessari grein kveðið á um „Lækkun laxahlutar vegna óþekkts strokatburðar“ en í þessari útgáfu eru engin viðurlög að finna, ekki einu sinni sekt einsog kveðið er á um í útpyntri 48. grein.

Hvað gerðist eiginlega á vinnslutíma frumvarpsins?

Til upprifjunar um hvernig þessar greinar voru kynntar í Samráðsgátt:

„48. grein

Lækkun laxahlutar vegna þekkts strokatburðar

Og

49. grein

Lækkun laxahlutar vegna óþekkts strokatburðar

Í þriðju málsgrein 49. greinar kemur þetta fram:

„Skerðing á laxahlut viðkomandi rekstraraðila á hverju smitvarnasvæði sem koma til skv. þessari grein eru varanlegar.“

Ákvæði beggja greina voru alltof veikburða en þó skref í rétta átt.

Til dæmis virðist svo vera að ef þessi ákvæði væru hluti af núverandi lögum um fiskeldi gæti Arctic Fish eftir tólf ár í röð af sambærilegum „strokatburðum“ og varð síðasta haust þó enn haldið eftir 60% af lífmassa sínum. Er sú slepping þó talin með alvarlegri umhverfisslysum sem hafa orðið á Íslandi.

Samkvæmt þessum ákvæðum gæti Arctic Fish líka haldið starfsleyfum sínum eftir allan þennan fjölda „strokatburða“.

Ákvæði um varanlegar skerðingar á framleiðsluheimildum þurfa að verða lögum með mun strangari viðurlögum en kynnt var í fyrri útgáfu Samráðsgáttarinnar. Ef sjókvíaeldisfyrirtækin geta ekki sýnt fram á að þau geti haldið eldislaxi innan netapokanna þá eiga þau ekki að fá að starfa.

Um þessar skerðingar og þær sem verða á lífmassa vegna affalla og/eða lúsa, og koma fram í öðrum greinum þessara draga, gildir almennt að vernd þeirra fyrir umhverfi og lífríki Íslands eru afar takmarkuð. Í fyrsta lagi fá fyrirtækin alltof rúmt svigrúm. Skerðingarnar eru litlar og bíta ekki fyrr en eftir:

- Margar eða gríðarlega umfangsmiklar sleppingar/strok.
- Mikil og viðvarandi margra ára afföll.
- Mikið og viðvarandi lúsasmit.
-

Í öðru lagi er reiknað með að stjórnvöld úthluti þeim laxahluta/lífmassa sem hefur verið afturkallaður að fullu til næstu framleiðanda. Þeir geta þá mögulega haldið áfram í mörg ár að missa frá sér eldislax, láta yfir 20% af eldisdýrum drepast og hafa þau þakin í lús, sem hefur allt saman skaðleg umhverfisáhrif nær og fjær, og svo koll af kolli nýr handhafi laxahlutar.

IWF gerir því tillögu um að á meðan sjókvíaeldi er leyft við Ísland verði sá háttur hafður á að við endurúthlutun laxahluts/lífmassa verði miðað við það magn sem fyrri handhafar réðu yfir þegar þeir voru sviptir hlutunum. Ef rekstur nýrra handhafa uppfyllir, eftir fyrsta ár með það magn, öll skilyrði þannig að ekki komi til skerðingar vegna stroks/affalla/lúsasmits, hækki laxahlutur/lífmassi um 5% og þannig árlega þar til gildandi framleiðslupaki áhættumats erfðablöndunar og burðarþoli er náð, svo lengi sem aldrei hefur þurft að skerða laxahlut/lífmassa vegna stroks, affalla eða lúsasmits. Með þessum hætti væri hægt að lágmarka skaðann af þessari starfsemi fyrir umhverfið, lífríkið og eldisdýrin.

50. grein

Óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til stroks.

Í fyrstu málsgrein 50. greinar segir: „Í undantekningartilfellum er Matvælastofnun heimilt að lækka eða fella niður sektir samkvæmt þessum kafla ef strok kemur til vegna óviðráðanlegra atvika utan stjórnunarsviðs rekstrarleyfishafa og sem ekki teljast hluti af fyrirsjáanlegri áhættu í rekstri

sjókvíaeldis. Fárviðri, hafís og athafnir þriðja aðila, sem er ótengdur rekstrarleyfishafa, skulu m.a. teljast til slíkra óviðráðanlegra ytri atvika “


Fráleitt er að nefna hafís og fárviðri sem atvik sem „ekki teljast hluti af eðlilegri áhættu í rekstri sjókvíaeldis“ og eru ekki fyrirsjáanleg áhætta. Fárviðri er áhætta sem er öllum ljós sem stunda atvinnurekstur á Íslandi.

Samkvæmt skilgreiningu, sem má meðal annars finna á vef Veðurstofu Íslands, telst það fárviðri þegar vindhraði hefur náð 32,7 m/sek.

Veðurstofa Íslands gefur út rauða viðvörðun þegar von er á slíkum vindhraða. Árið 2022 gaf Veðurstofan út tíu rauðar viðvaranir. Alls hafa sextán rauðar viðvaranir verið gefnar út frá 2018.

Sjá mynd:

Viðvaranir vegna veðurs



Heimild: Veðurstofa Íslands

Áhætta vegna hafís á líka vera öllum ljós sem stunda sjótengdan atvinnurekstur á Vestfjörðum.

Myndin er af vef Veðurstofunnar og sýnir hafís í Dýrafirði í janúar 2007.



© Friðbert Jón Kristjánsson

Hafís á Dýrafirði 27. janúar 2007. Ísspöngin sem sást 26. janúar er komin í 5 km fjarlægð frá Hólum. Nokkuð samfelldur is var frá Keldudal yfir að Gerðhömrum en hreint að sjá fyrir utan (frá Svalvogum að Fjallaskaga). Myndin er frá veðurathugunarfólki á Hólum í Dýrafirði.

Hafís og fárviðri er áhætta sem fyrirtækin vita af og taka samt ákvörðun um að hafa rekstur sinn á viðkomandi svæðum.

Fyrirtækin eiga sjálf ábyrgð á þeim afleiðingum sem þessir fyrirsjáanlegu viðburðir kunni að hafa, rétt eins og gildir um ef mannvirki eru reist á áður þekktum snjóflóðasvæðum á landi.

51. grein

Aðrar skyldur rekstrarleyfishafa

Í fyrstu málsgrein 51. greinar kemur þetta fram:

„Rekstrarleyfishafa er skylt að notast við talningarbúnað við útsetningu fiska sem fullnægir lágmarksskilyrðum um nákvæmni samkvæmt reglugerð.“

IWF leggur til að sömu skyldur gildi um búnað þegar talið er upp úr sjókvíum.

54. grein

Breytingar á leyfilegum lífmassa vegna affalla

Í fyrstu málsgrein 54. greinar kemur þetta fram:

„Matvælastofnun skal reikna afföll á smitvarnasvæði fyrir hverja kynslóð eldisfisks á smitvarnasvæði.“

Frumvarpið kveður á um 3% skerðingu vegna meðferðar þar sem yfir 20% eldisdýranna drepast af hverri kynslóð. Í því felst mat á alvarleika þess að láta svo mikið af fiski drepast. Og ákvæði 64. gr. um forsendubrest virkjast aðeins ef rekstrarleyfishafi hefur misst 40% af eldisheimildum sínum.

Til að virkja ákvæðið þurfa fyrirtækin að láta fisk drepast í miklum mæli árum saman.

Lengur en leyfi gilda nú. Lögin eru mjög afgerandi þetta atriði.

Furðuleg hugmynd er að gera ráð fyrir 20% „afföllum“ sem þýðir að einn af hverjum fimm eldislöxum mun drepast í sjókvíunum.

Ákvæði um 3% skerðingu á lífmassi á smitvarnasvæði, ef afföll eru yfir 20%, eru svo veikburða að fyrirtæki geta verið yfir þessum mörkum í átján skipti í röð áður en

**ákvæði 64. greinar þessa frumvarps um „Afturköllun rekstrarleyfis“ virkjust, verði þessi útgáfa laganna verður samþykkt á Alþingi.
Þetta er algjörlega óásættanleg sinnuleysi gagnvart velferð eldisdýranna.**

55. grein

Óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til affalla

Í fyrstu málsgrein 55. greinar kemur þetta fram:

„Í undantekningartilfellum er Matvælastofnun heimilt við útreikning framleiðslutakmarkana samkvæmt þessum kafla að taka tillit til óviðráðanlegra atvika utan stjórnunarsviðs rekstrarleyfishafa og sem ekki teljast hluti af eðlilegri áhættu í rekstri sjókvíaeldis. Fárviðri, hafís og aðgerðir þriðja aðila sem er ótengdur rekstrarleyfishafa skulu m.a. teljast til slíkra óviðráðanlegra ytri atvika.“

Í þeirri útgáfu sem kynnt var í Samráðsgáttinni var orðalagið „saknæmar aðgerðir þriðja aðila“. Í þessari útgáfu hefur saknæmið verið fellt út. Af hverju?

Rétt eins og á við um 50. grein er fráleitt að nefna hafís og fárviðri sem atvik sem „ekki teljast hluti af eðlilegri áhættu í rekstri sjókvíaeldis“ og séu ekki fyrirsjáanleg áhætta. Fárviðri er áhætta sem er öllum ljós sem stunda atvinnurekstur á Íslandi einsog þegar hefur verið bent á í þessari umsögn.

Það telst fárviðri þegar vindhraði hefur náð 32,7 m/sek. Veðurstofa Íslands gefur út rauða viðvörðun þegar von er á slíkum vindhraða. Árið 2022 gaf Veðurstofan út tíu rauðar viðvaranir. Alls hafa 16 rauðar viðvaranir verið gefnar út frá 2018.

Sjá mynd fyrr í þessu skjali.

Hafís og fárviðri er áhætta sem fyrirtækin vita af og taka samt ákvörðun um að hafa rekstur sinn á þessum svæðum og verða að bera sjálf ábyrgð á þeim afleiðingum sem þessir fyrirsjáanlegu viðburðir kunni að hafa.

Sjá mynd af hafís í Dýrafirði fyrr í þessu skjali.

56. grein

Reglulegt eftirlit og viðbrögð við lús

IWF ítrekar enn og aftur að hér á landi þarf að taka upp áhættumat vegna lúsar með tilheyrandi framleiðslustýringu. Þau ákvæði vantar í þetta frumvarp.

58. grein

Punktakerfi

Þessi grein er afar óskýr. Hver er fjöldi punkta sem á að skrá, við hvaða mörk lúsasmita og eitrunar/lyfjameðferða er miðað?

Útskýra þarf af hverju ráðherra skuli falið það vald að ákveða þetta í reglugerð.

Leggur IWF til að ráðherra verði falið að festa þau líffræðilegu atriði sem talin eru upp í þessari grein í reglugerð í samræmi við bindandi ráðgjöf sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar.

64. grein

Forsendubrestur

Í fjórðu málsgrein 64. greinar kemur þetta fram:

„Hafi rekstrarleyfishafi glatað meira en 40% af upphaflegum leyfilegum lífmassa smitvarnasvæðis vegna skerðinga skv. IX. og X. kafla laga þessara skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfi úr gildi.“

Ákvæði 64. greinarinnar virkjust ekki fyrr en eftir að afföll hafi verið yfir 20% samfleytt í 18 skipti í röð.

Óásættanlegt er að heimila sjókvíaeldisfyrirtækjum að fara þannig með eldisdýrin að fyrirtækin missa ekki allar framleiðsluheimildir fyrr en eftir samfellda marga ára slæma meðferð á dýrunum.

65. grein

Afturköllun rekstrarleyfis til sjókvíaeldis

Við leggjum til að við síðustu setningu í fyrstu efnisgreins: „Pá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur,“ **verði bætti við þessari setningu sem er í samræmi við 16. grein nógildandi laga „og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.“ Án þessara orða er verið að þrengja verulega heimildir stjórnvalda til að afturkalla rekstrarleyfi.**

Í annarri málsgrein 65. greinar kemur þetta fram:

„Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal Matvælastofnun veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta nema um mjög alvarlegt eða ítrekað brot sé að ræða.“

Þarna er stuðst við óskýrt og huglægt orðalag. Mikilvægt er að kveðið sé afdráttarlaust um hvað átt er við hér, svo fyrirsjáanleiki laganna sé ótvíræður:

„Ítrekuð“ - Hver er fjöldi brota?

„Hæfilegan“ - Hve marga daga/vikur/mánuði/ár er hér verið að tala um? Við breytingar til lækkunar á áhættumati er í nógildand lögum gert ráð fyrir að hæfilegur aðlögunartími sé allt að þrjú ár. Við breytingar til lækkunar á burðarþolsmati í þessum drögum eru átján mánuðir talinn hæfilegur frestur, sem er að okkar mati alltof rúmur frestur.

„Mjög alvarlegt“ - Náttúruverndarsamtök, samtök veiðiréttshafa og sjókvíaeldisfyrirtækin líta mjög misjöfnum augum hvað telst alvarlegt. Löggjafinn hlýtur að þurfa að skilgreina það með ótvíræðum hætti.

Greinargerð

3.1.3. Lögfesting friðunarsvæða og friðun Eyjajarðar og Öxanjarðar.

Með þessu frumvarpi er jafnframt lagt til að felld sé úr gildi heimild ráðherra til að takmarka eða banna fiskeldi á ákveðnum svæðum, sbr. 6. gr. gildandi laga um fiskeldi, nr. 71/2008. Slík ákvarðanatöku yrði þess í stað í höndum löggjafarvaldsins enda um stóra og mikilvæga ákvörðun að ræða sem snertir ólíka hagsmunahópa í þjóðfélaginu.

IWF styður þessi áform

3.1.6.

Breytt fyrirkomulag á útfærslu og framkvæmd áhættumats erfðablöndunar

Í kafla 3.1.6. greinargerðarinnar sem fylgir drögum kemur þetta fram:

„Ráðherra gæti t.d. ákveðið í reglugerð að heildarlaxafjöldi yrði hærri en ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar segði til um ef að styðja þyrfti við framleiðslu og samfélag þar sem sjókvíaeldi er stunda.“

IWF leggst alfarið gegn því því að opnað sé á þennan skilning við aðkomu ráðherra að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarart um áhættumats erfðablöndunar. Áhættumatið er til að verja lífríki Íslands og líffræðilega fjölbreytni. Ráðherra á ekki að geta farið gegn því til að styðja við framleiðslu sjókvíaeldisfyrirtækja.

Fyrir hönd Íslenska náttúruverndarsjóðsins,


Jón Kaldal